

STJÓRNARTÍÐINDI B 135 – 2002

9. desember 2002

2071

Nr. 855

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.161.1/2 – Garðastræti 41.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 29. október 2002, óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Garðastræti 41. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Leirubakki 34-36.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Leirubakka 34-36. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grundarhverfi, Kjalarnesi, Jörfagrund 25-39.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. október 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Jörfagrund 25-39, Kjalarnesi. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. september 2002, deiliskipulag fyrir reit 1.171.3 sem afmarkast af Laugavegi, Bergstaðastræti og Skólavörðustíg. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 9. desember 2002.

Helga Bragadóttir, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.